

# Greining á sköflungi úr áreyri á mörkum Miðhúsa- og Eyvindarár

Albína Hulda Pálsdóttir



# Greining á sköflungi úr áreyri á Mörkum Miðhúsa- og Eyvindarár

Albína Hulda Pálsdóttir

Apríl 2018  
Landbúnaðarháskóli Íslands



© Albína Hulda Pálsdóttir og Landbúnaðarháskóli Íslands 2018

Greining á sköflungi úr áreyri á mörkum Miðhúsa- og Eyvindarár

Rit Lbhí nr. 92

Útgefandi: Landbúnaðarháskóli Íslands

Útgáfustaður: Reykjavík

ISSN 1670-5785

ISBN er 978-9979-881-63-6

Mynd á forsíðu: Sköflungur úr kind/geit sem fannst á áreyri á mörkum Miðhúsaár og Eyvindarár.

Ljósmyndari: Albína Hulda Pálsdóttir.

## Efnisyfirlit

Greining á sköflungi úr áreyri á mörkum Miðhúsa- og Eyvindarár .....	3
Niðurstaða greiningar.....	4
Tegund.....	4
Aldur.....	4
Stærð.....	5
Ástand .....	5
Heimildaskrá.....	8

## Myndaskrá

Mynd 1: Fundarstaður sköflungsins við ármót Miðhúsa- og Eyvindarár er innan appelsínugula hringsins. Atlaskort af vef Landmælinga Íslands.....	3
Mynd 2: Sköflungurinn frá áreyrinni er lengst til vinstri, hvíti sköflungurinn þar við hliðina á er úr kind 4155 úr Sigurgeirssafni, svo er sköflungur úr kvenkyns geit M047 og loks sköflungur úr hundi M054. Skali 5 cm. Ljósmyndari: Albína Hulda Pálsdóttir.....	4
Mynd 3: Til vinstri má sjá nærhendann á sköflungnum og til hægri fjærendann. Skalinn er 5 cm. Ljósmyndari: Albína Hulda Pálsdóttir.....	5
Mynd 4: Sköflungur úr kind/geit. Á leggpípunni má sjá skemmdir á yfirborði beinsins. Ljósmyndari: Albína Hulda Pálsdóttir.....	6
Mynd 5: Sköflungurinn frá öðru sjónarhorni en á þessari hlið leggpíunnar er mun minni skemmdir. Ljósmyndari: Albína Hulda Pálsdóttir.....	6

## Töfluskrá

Tafla 1: Mælingar á sköflungnum í millimetrum eftir staðli von den Driesch (1976, bls. 86–87) og Popkin og fleiri (2012, bls. 1379). Gl = mesta lengd (e. greatest length), Bp = mesta breidd nærenda (e. greatest breadth of the proximal end), SD = minnsta breidd leggs (smallest breadth of the diaphysis), Bd = mesta breidd fjærenda (e. greatest breath of distal end). Dd = mesta dýpt fjærenda (e. greatest depth of the distal end), SDmin = minnsta ummál leggs (e. smallest diameter of the diaphysis in any direction).....	5
Tafla 2: Skráningu á beininu eftir NABONE staðlinum (North Atlantic Biocultural Organization Zooarchaeology Working Group, 2010) .....	7

# Greining á sköflungi úr áreyri á mörkum Miðhúsa- og Eyvindarár

Dagsetning: 22. desember 2017

## Höfundur:

Albína Hulda Pálsdóttir  
Dýrabeinafornleifafræðingur, MA  
Auðlinda- og umhverfiseild  
Landbúnaðarháskóla Íslands  
Tölvupóstfang: albinap@gmail.com

Greining á sköflungi sem fannst á eyri við ármót Miðhúsa- og Eyvindarár í nágrenni Egilsstaða (sjá Mynd 1). Fjölur Hlynsson fann beinið 27. september 2017. Hann taldi beinið vera of stórt til þess að verið gæti að það væri úr sauðkind. Skarphéðinn Þórisson á Náttúrustofu Austurlands bað um mitt álit á beininu.

Lýsing á fundarsamhengi var ekki nákvæm svo óljóst er hvort beinið telst til fornleifa eða ekki.



Mynd 1: Fundarstaður sköflungsins við ármót Miðhúsa- og Eyvindarár er innan appelsínugula hringsins. Atlaskort af vef Landmælinga Íslands.

## Niðurstaða greiningar

### Tegund

Beinið var borði saman við sköflunga úr kind (Sigurgeirssafn nr. 4155), geit (M047), svíni og hundi (M054) í samanburðarsafni fyrir íslenska dýrabeinaforaleifafræði við Landbúnaðarháskóla Íslands (Albína Hulda Pálsdóttir og Elísa Skúladóttir, 2016)<sup>1</sup>, sjá Mynd 2.

Beinið er úr kind eða geit en ekki er hægt að greina það með vissu til tegundar þar sem erfitt er að greina bein þessara tveggja skyldu tegunda í sundur í mörgum tilfellum (Boessneck, 1969; Zeder og Lapham, 2010). Til er greiningarlykill til þess að þekkja í sundur sköflunga (e. tibia) og fleiri bein úr kindum og geitum (Zeder og Lapham, 2010, bls. 2891) en því miður var fjærendi beinsins of eyddur til þess að hægt væri að greina beinið til tegundar með vissu. Mér þykir þó líklegra að beinið sé úr sauðkind en geit. Útilokað er að beinið sé úr manni, hundi eða svíni.



Mynd 2: Sköflungurinn frá áreyrinni er lengst til vinstri, hvíti sköflungurinn þar við hliðina á er úr kind 4155 úr Sigurgeirssafni, svo er sköflungur úr kvenkyns geit M047 og loks sköflungur úr hundi M054. Skali 5 cm. Ljósmyndari: Albína Hulda Pálsdóttir

### Aldur

Sköflungurinn frá áreyrinni er að fullu samvaxinn. Fjærendi sköflungs í ógeldu fé er vaxinn saman milli 7 og 19 mánaða aldurs en nærendinn milli 19 og 40 mánaða aldurs (Popkin o.fl., 2012, bls. 1783). Líklegast er því um að ræða sköflung úr nokkurra ára gömlum einstakling.

---

<sup>1</sup> Lista yfir eintök í samanburðarsafninu má nálgast hér [http://www.lbhi.is/sites/default/files/gogn/vidhengi/thjonusta/utgefid\\_efni/RitLbhi/rit\\_lbhi\\_nr\\_71\\_samanburda\\_rsafn\\_lbhi\\_aui\\_reference\\_collection.xlsx](http://www.lbhi.is/sites/default/files/gogn/vidhengi/thjonusta/utgefid_efni/RitLbhi/rit_lbhi_nr_71_samanburda_rsafn_lbhi_aui_reference_collection.xlsx)



Mynd 3: Til vinstri má sjá nærendann á sköflungnum og til hægri fjærendann. Skalinn er 5 cm. Ljósmyndari: Albína Hulda Pálsdóttir.

### Stærð

Beinið var einnig mælt eftir hefðbundnum stöðlum dýrabeinafornleifafraði (von den Driesch, 1976; Popkin, Baker, Worley, Payne, og Hammon, 2012) með stafrænu rennimáli, sjá Tafla 1. Þó að beinið sé í stærra lagi er það ekki í ósamræmi við það sem algengt er í íslenskum dýrabeinasöfnum og sambærilegt einstaklinga í samanburðarsafninu. Næringarástand hefur nokkuð mikil áhrif á lengd sköflunga í sauðfé (Popkin o.fl., 2012, bls. 1782) og hugsanlega er hér um að ræða bein úr hrút en sköflungar hrúta eru að jafnaði stærri en bein úr ám.

Tafla 1: Mælingar á sköflungnum í millimetrum eftir staðli von den Driesch (1976, bls. 86–87) og Popkin og fleiri (2012, bls. 1379). Gl = mesta lengd (e. greatest length), Bp = mesta breidd nærenda (e. greatest breadth of the proximal end), SD = minnsta breidd legg (smallest breadth of the diaphysis), Bd = mesta breidd fjærenda (e. greatest breadth of distal end). Dd = mesta dýpt fjærenda (e. greatest depth of the distal end), SDmin = minnsta ummál legg (e. smallest diameter of the diaphysis in any direction).

von den Driesch				Popkin	
Gl	Bp	SD	Bd	Dd	SDmin
236,4	42,1	18,8	32,4	25,6	14,7

### Ástand

Beinið er þokkalega varðveitt en greinilegt er þó að það hefur velst um í vatni í einhvern tíma svo það hefur slípast til. Á leggþípunni (e. diapysis) má sjá skemmdir á yfirborði beinsins, þar eru holur á víð og dreif. Líklegast er að þetta hafi orsakast af slæmum varðveisluskilyrðum í súrum jarðvegi (Mynd 4). Engin ummerki voru um slátrun eða verkun á beininu.





Mynd 4: Sköflungur úr kind/geit. Á leggþípunni má sjá skemmdir á yfirborði beinsins. Ljósmyndari: Albína Hulda Pálsdóttir.



Mynd 5: Sköflungurinn frá öðru sjónarhorni en á þessari hlið leggþíunnar er mun minni skemmdir. Ljósmyndari: Albína Hulda Pálsdóttir.

Þar sem fundarsamhengi beinsins er óljóst var beinið gefið í samanburðarsafn fyrir íslenska fornleifafræði við Landbúnaðarháskóla Íslands og hefur fengið númerið M155. Haft var samráð við Þjóðminjasafn Íslands vegna þess.

Tafla 2: Skráningu á beininu eftir NABONE staðlinum (North Atlantic Biocultural Organization Zooarchaeology Working Group, 2010)

Tegund	Bein	Endi	Stærð	Samvaxtarstig	Ástand	Ummerki um slátrun eða verkun
Kind/geit (Ovca)	Sköflungur	Heill	Stærri en 11 cm	Samvaxið að fullu	Beinið er heilt en þó töluvert eytt, líklega eftir að hafa velst um á á áreyrinni.	Engin ummerki voru um slátrun eða verkun á beininu.

## Heimildaskrá

- Albína Hulda Pálsdóttir og Elísa Skúladóttir. (2016). *Samanburðarsafn í dýrabeinafornleifafræði við Landbúnaðarháskóla Íslands: Staða árið 2016 og framtíðarhorfur* (nr. 71). Rit Lbhí nr. 71. Reykjavík: Landbúnaðarháskóli Íslands.
- Boessneck, J. (1969). Osteological Differences between Sheep (*Ovis aries* Linné) and Goat (*Capra hircus* Linné). *Science in Archaeology: A Survey of Progress and Research* (bls. 331–358). New York: Prager Publishers.
- von den Driesch, A. (1976). *A Guide to the Measurement of Animal Bones from Archaeological Sites* (B. 1). Cambridge: Peabody Museum of Archaeology and Ethnology, Harvard University.
- North Atlantic Biocultural Organization Zooarchaeology Working Group. (2010). *NABONE Zooarchaeological Recording Package 9th edition* (9th edition.). New York: North Atlantic Biocultural Organization Zooarchaeology Working Group.
- Pálsdóttir, A. H. og Skúladóttir, E. (2016). *Samanburðarsafn í dýrabeinafornleifafræði við Landbúnaðarháskóla Íslands: Staða árið 2016 og framtíðarhorfur* (nr. 71). Rit Lbhí nr. 71. Reykjavík: Landbúnaðarháskóli Íslands.
- Popkin, P. R. W., Baker, P., Worley, F., Payne, S. og Hammon, A. (2012). The Sheep Project (1): determining skeletal growth, timing of epiphyseal fusion and morphometric variation in unimproved Shetland sheep of known age, sex, castration status and nutrition. *Journal of Archaeological Science*, 39(6), 1775–1792. doi:10.1016/j.jas.2012.01.018
- Zeder, M. A. og Lapham, H. A. (2010). Assessing the reliability of criteria used to identify postcranial bones in sheep, *Ovis*, and goats, *Capra*. *Journal of Archaeological Science*, 37(11), 2887–2905. doi:10.1016/j.jas.2010.06.032